

**48. fundur Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefnd haldinn Strandgötu 38,
2. september 2020
og hófst hann kl. 18:00.**

Fundinn sátu:

Einir Steinn Björnsson (ESB), Benedikt Davíð Hreggviðsson (BDH),
Aðalsteinn Magnússon (AM), Jóhann Birkir Helgason (JBH) og Óskar Örn
Gunnarsson (ÓÖG).

Fundargerð ritaði: Einir Steinn Björnsson, Formaður

Dagskrá:

2. Aðalskipulag Endurskoðun 2019-2031 - 1809041

Tekin fyrir drög að greinargerð og uppdráttum af Aðalskipulagi Tálknafjarðarhrepps
2019-2031.

Gert er ráð fyrir forkynningu í október 2020.

Lagt fram til kynningar.

3. Efnistökusvæði E6 í Norður-Botni - 2008156

Tekið fyrir erindi frá Sigurvini Hreiðarssyni fh. Arctic smolt ódagsett þar sem sótt er
um framkvæmdaleyfi fyrir efnistöku í námu E6, efnismagn er áætlað 30.000 m³.

Meðfylgjandi umsókn er greinargerð er varðar Efnistöku svæði E-6 í Norður-Botni
dags. 10. júlí 2020. Áformað er að opna efnistökusvæði E6 samkvæmt gildandi
aðalskipulagi í landi Norður-Botns. Efnistakan er ætluð til vegagerðar vegna færslu
þjóðveggar 63 - Bíldudalsvegur. Að auki verður efni nýtt til framkvæmda við
seiðaeldisstöðina í Norður-Botni.

Nefndin frestar afgreiðslu þar til umsögn Fiskistofu liggur fyrir.

4. Pollurinn Tálknafirði grunur um Campylobakter sýkingu - 2007096

Tekið fyrir bréf Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða dags 22.júlí 2020 er varðar sýni úr
Pollinum á Tálknafirði

Lagt fram til kynningar.

5. Strandgata 39-41, sameining lóða - 2004602

Tekið fyrir bréf Freyju Magnúsdóttur f.h. Tungusilungs dags 20.07.2020 þar sem
mínkun lóðar við Strandgötu 39-41 er mótmælt.

*Skv. deiliskipulagi samþykkt í hreppsnefnd þann 22.10.2014 er lóðin fyrir Strandgötu
39-41 í samræmi við lóðarblað byggingarfulltrúa dags. 4.6.2020 að stærð 1522 m².*

*Nefndin vísar erindinu í Atvinnu- og hafnarnefnd þar sem svæðið fellur undir
hafnarsvæði.*

6. Húsvvernd áttak í húsvvernd - 2005092

Tekinn fyrir tölvupóstur frá Minjastofnun Íslands dags. 11. maí 2020 þar sem fram kemur að Minjastofnun hafi hug á að gera áttak í húsvverndarmálum og leitað til sveitarstjórnarmanna um tillögur að verkefnum.

Nefndin bendir á endurgerð hvalstöðvar á Suðureyri við Tálknafjörð og verin út á Stapa.

7. Umferðaröryggisáætlun - 2008145

Tekin fyrir drög að umferðaröryggisáætlun Tálknafjarðarhrepps 2020.

Nefndin leggur til að hámarkshraði á Strandgötu verði 50 km/klst en 30 km/klst í öðrum götum.

8. Stöðuleyfi gáma - 1811017

Tekið fyrir staða á stöðuleyfum gáma í sveitarfélaginu.

Byggingarfulltrúa falið að senda út greiðsluseðla fyrir stöðuleyfi gáma.

Nefndin felur byggingarfulltrúa einnig að skoða smáhýsi í sveitarfélaginu m.t.t. þess hvort þau falli undir byggingarreglugerð.

10 Styrkur Minjavernd Umsókn frá minjavernd vegna verndarsvæða í byggð. - 1710012

Tekinn fyrir tölvupóstur frá Guðlaugu Vilbogadóttur hjá Minjastofnun dags 5. febrúar 2020 er varðar styrk frá húsafriðunarsjóði vegna gerðar húsakönnunar í Tálknafjarðarhreppi.

Lagt fram til kynningar.

11 Fyrirspurn um byggingu sólstofu - 1906380

Tekið fyrir að nýju erindi frá Bjarna Jónssyni er varðar byggingu sólstofu við Miðtún 7, Tálknafirði.

Lagðar fram teikningar unnum af Gingi teiknistofu dags. 2. ágúst 2020. Gert er ráð fyrir sólstofu að stærð 23,94 m² á vesturgafli hússins, viðbyggingin nær að lóðarmörkum. Enginn byggingarreitur er skilgreindur í deiliskipulag.

Nefndin leggur til að lóðin við Miðtún 7 verði stækkuð þannig að lóðarmörk verði 3 metrum frá garðskála. Lóðirnar nr. 9 og 11 verði minnkaðar sem því nemur.

Gjald vegna breytingar er skv. gjaldskrá, "lítil breyting á deiliskipulagi eða lóðarblaði".

1. Skipulagsvinna óskað eftir einstaklingum í starfshóp - 2001140

Tekið fyrir skipulagsvinna með starfshópum vegna Aðalskipulags Tálknafjarðarhrepps 2019-2031

Rætt um stöðu aðalskipulagsins og vinnu starfshópa.

9. Fasteignamat 2021 - 2007003

Lagt fram til kynningar bréf frá Þjóðskrá Íslands er varðar fasteignamat 2021.

Lagt fram til kynningar.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 19:30.

Einir Steinn Björnsson (ESB)

Benedikt Davíð Hreggviðsson
(BDH)

Aðalsteinn Magnússon (AM)
